



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAÞJÓNUSTU

**FRAMTÍÐARSÝN
OG ÁLYKTANIR SFR
FYRIR AÐALFUND
28.03.2009**

SFR - stéttarfélag í almannajónustu
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík
s. 525-8340 - sfr@bsrb.is - www.sfr.is

Framtíðarsýn SFR

Mikilvægt er fyrir SFR að vera virkt í allri þjóðfélagsumræðu, bæði í gegnum BSRB og í eigin nafni. Forysta SFR þarf að auka slagkraft félagsins um leið og unnið er að því að efla samstöðu félagsmanna, um hlutverk og meginmarkmið félagsins.

SFR á að vera kraftmikið félag þar sem ríkir í senn mikil virkni og góð samstaða.

Meginverkefni SFR hér eftir sem hingað til lúta að kjara- og réttindamálum. SFR þarf að horfa til vinnustaðarins í æ ríkari mæli. Vinnustaðurinn þarf að uppfylla öll þau vinnuverndarsjónarmið sem á að gera hann að manneskjulegum vinnustað.

SFR á að stuðla að góðu samstarfi milli trúnaðarmanna og atvinnurekenda. SFR skal leggja ríka áherslu á að jafna tekjubilið í samfélaginu og að bæta laun almennt.

Um innri mál félagsins er bent á að styrkja þurfi samskipti og tengsl forystunnar við almenna félagsmenn, til dæmis með morgunverðarfundum og heimsóknum á vinnustaði.

Auka þarf félagslega virkni og fá þarf fleira ungt fólk til starfa. Þá þarf að efla trúnaðarmannakerfið og gera félagið aðgengilegra fyrir háskólamenntað fólk

Megin áherslur eru:

- Að stuðla að bættum kjörum félagsmanna, þar sem horft er bæði til tekna og útgjalda.
- Að stuðla að bættu vinnuumhverfi félagsmanna.
- Styrkja tengsl forystu og félagsmanna.
- Auka samstöðu meðal félagsmanna SFR.
- Að SFR sé ávalt virkt í þjóðfélagsumræðunni.
- Að sporna við vaxandi tekjubili í þjóðfélaginu.
- Að sporna við einkavæðingu í almannaþjónustu og skal hún vera í samfélagslegri eigu.
- Að SFR stuðli að fjölskylduvænni vinnumenningu og jafnrétti á vinnustöðum
- Að SFR vinni gegn kynbundnum launamun og að hagsmunir og sjónarmið beggja kynja verði ávallt höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku .
- Að SFR stuðli að umhverfisvernd, aukinni umræðu og ábyrgð í loftslagsmálum og sjálfbærri þróun

Ályktun aðalfundar SFR – stéttarfélags í almannajónustu um kjara- og efnahagsmál

Aðalfundur SFR stéttarfélags í almannajónustu haldinn 28.mars 2009 krefst þess að stjórnvöld hafi víðtækt samráð um þær aðgerðir sem grípa þarf til vegna ástandsins í efnahagsmálum. Viðræður við samtök launafólks er grundvöllur þess að vel gangi í endurskipulagningu samfélagsins á félagslegum grunni. Fundurinn gerir þá kröfu til stjórnvalda að hafið verði samráð við stéttarfélög áður en gripið er til aðgerða og niðurskurðar á kjörum starfsmanna í opinberri þjónustu. Fundurinn mótmælir harðlega skerðingu launa þeirra lægst launuðu í samfélaginu. Að viðhalda kaupmætti launa er einn mikilvægasti þáttur í því að halda hjólum samfélagsins gangandi og að standa vörð um heimilin í landinu. Huga ber að því að leiðréttá vísitölu neysluverðs þannig að vísitalan taki mið af ástandi hvers tíma.

Aðalfundur SFR telur með öllu óviðunandi að launafólk beri hitann og þungann af efnahagshruninu og krefst fundurinn þess að stjórnvöld beiti sér til varnar almenningi með öllum ráðum og hraði öllum aðgerðum. Hafna ber öllum tilraunum stjórnvalda til að nota efnahagsástandið til að þrengja enn meira að samfélagsþjónustunni en þegar hefur verið gert. Atvinnustarfsemi sem þjónar almenningi ber að styrkja og efla í ástandi sem þessu en styrk almannajónusta er nauðsynleg.

Aðalfundur SFR stéttarfélags í almannajónustu gerir kröfu til þess að stjórnvöld komi á efnahagslegum stöðugleika til hagsbóta fyrir landsmenn. Staðan í efnahagsmálunum veldur fjölskyldum verulegum vanda og eru aðstæður margra þeirra grafalvarlegar. Tæplega 18 000 manns eru nú á atvinnuleysiskrá. Um 15% heimila landsins eiga ekki fyrir skuldum á meðan íbúðir falla í verði og atvinnuleysi eykst.

SFR stéttarfélag í almannajónustu leggur ríka áherslu á að áunnin starfs- og kjararéttindi launafólks verði ekki skert og tryggt sé að aðgerðir að hálfu stjórnvalda séu í hag launafólks í landinu. Skapa þarf víðtæka samstöðu meðal allra á vinnumarkaði til að standa vörð um lægstu laun og þannig tryggja forsendur fyrir uppbyggingu á komandi árum. Almennar aðgerðir á að nota til að ná fram sanngjarnari skiptingu byrðanna af völdum fjáramálakreppunnar. Aðalfundur SFR leggur áherslu á að dreifa þurfi skattbyrðinni með sanngjarnari hætti og nota skattkerfið sem jöfnunartæki.

Ályktun aðalfundar SFR – stéttarfélags í almannajónustu um fjármálakreppuna

Aðalfundur SFR stéttarfélags í almannajónustu haldinn 28.mars 2009 krefst þess að þjóðin fái upplýsingar um það sem gerðist innan veggja þeirra fyrirtækja og stofnana sem hafa leitt okkur í þann efnahagsvanda sem við erum í. Gagnsæi þarf að vera ríkjandi á öllum stigum samfélagsins og fer fundurinn fram á að stjórnvöld stundi lýðræðisleg vinnubrögð og uppræti spillingu í samfélaginu.

Almenningur á Íslandi reis upp í janúar og mótmælti spillingu auðvaldsins – barði með pottum og sleifum og krafðist breytinga. Hafna ber þeim gildum sem komu okkur í þennan vanda. Óviðunandi er að launafólk í landinu beri eitt byrðar af fjármálahruni sem var afleiðing gegndarlausrar græðgi auðmanna. Nú þarf að leita sátta og stöðugleika í samfélaginu og verður það einungis gert með því að gera upp við fortíðina og byggja upp samfélag réttlætis og jafnaðar. Fjármálakreppan sem við erum í endurspeglar gjaldþrot frjálshyggjustefnu undangenginna ára. Fjármálakerfið var slitið úr tengslum við lýðræðislega aðkomu þar sem einkavæðingarhugmyndir og fjármagnsöfl auðvaldsins réðu ríkjum

Úrehtar hugmyndir um bankaleynd eiga ekki lengur við, það verður að gera upp mál þeirra sem hlut eiga að máli og svipta hulunni af þeirri launa-, tekju- og eignaleynd sem hefur einkennt íslenskt samfélag á undanförunum árum.

Ályktun aðalfundar SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu um almannaþjónustu

Aðalfundur SFR- stéttarfélags í almannaþjónustu haldinn þann 28.mars 2009 leggur áherslu á að almannaþjónustan er ein af grunnstoðum samfélagsins. Hún er grundvöllur jafnaðar og réttlætis fyrir alla þegna samfélagsins. Í þeim hremmingum sem þjóðin stendur frammi fyrir nú um stundir er það krafa SFR að hlúð verði að þessari grunnstoð með öllum tiltækum ráðum.

SFR varar alvarlega við fylgispekt við erlendar kennisetningar um einkavæðingu og krefst þess að horfið verði frá hvers kyns markaðsvæðingu – hugmyndafræði hins frjálsa markaðar innan almannaþjónustunnar hvort sem hún er í formi einkaframkvæmda, þjónustusamninga eða útboða og bendir á að hægt er að hagræða í rekstri án þess að grafa undan starfsöryggi og félagslegum réttindum starfsfólks með útboðs- og verktakastarfsemi.

SFR bendir á að með því að efla opinbera þjónustu geta stjórnvöld nýtt betur það afl sem felst í þekkingu og reynslu starfsmanna á því hvernig draga má úr sóun, auka framleiðni og auka gæðin. Það er skynsamlegasta leiðin til að bæta almannaþjónustuna, með það að markmiði;

- að stuðla að betri þjónustu og auka gæði hennar
- að opinbert fjármagn sé nýtt vel
- að stuðla að auknu atvinnuöryggi og bættu starfsumhverfi
- að styrkja lýðræðislega og siðferðislega innviði stjórnarsýslunnar

Ályktun SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu um umhverfismál

Aðalfundur SFR- stéttarfélags í almannaþjónustu haldinn 28.mars 2009 telur umhverfismálin einn mikilvægari málaflokk samtímans.

Staða Íslands er viðkvæm fyrir loftslagsbreytingum og mengun, til að mynda í sjó, þar sem auður okkar eru að stærstum hluta síbreytilegar náttúruauðlindir. Sérstaða Íslands hvað varðar líffræðilegan fjölbreytileika er í hættu vegna þessa.

Neytendur leggja stöðugt meiri áherslu á umhverfismál og verndun náttúru í neyslu sinni og því er mikilvægt að atvinnulífið þróist inn á umhverfisvænar brautir og taki mið af sjálfbærri nýtingu afkomendum okkar í hag.

Til að auðvelda almenningi að leggja sitt af mörkum þarf að fræða fólk um náttúruvernd og mismundandi mengandi framleiðsluaðferðir til að það geti tekið upplýsta ákvörðun um neyslu sína.

Auk þess skorar SFR-stéttarfélag í almannaþjónustu á opinbera aðila að bæta almenningssamgöngur og að stórbæta aðgengi þeirra sem kjósa annan ferðamáta en einkabílinn. Aukin áhersla á nýtingu almenningssamgangna hefur í för með sér bæði sparnað fyrir heimilin í landinu og umhverfisvænna samfélag okkur öllum til hagsbóta.

Ályktun aðalfundar SFR – stéttarfélags í almannajónustu um skerðingu launa á Landspítala Háskólasjúkrahúsi.

Aðalfundur SFR haldinn þann 29. mars 2009 mótmælir harðlega þeim aðgerðum stjórnenda Landspítala Háskólasjúkrahúss, sem miðar að því að skerða laun félagsmanna og annarra starfsmanna sjúkrahússins, sem eru með heildarlaun undir 300 þúsund króna á mánuði.

Í samfélagslegri umræðu, bæði á opinberum og á almennum vinnumarkaði, hefur verið sátt um að ekki beri að lækka laun þeirra sem eru með undir 300 þúsund króna heildarlaun á mánuði. SFR hafnar alfarið þeirri aðför að þessum hópi starfsmanna LSH sem stjórnendur stefna að. Aðalfundur SFR krefst þess að LSH endurskoði ákvörðun sína og beinir fundurinn því til heilbrigðisráðherra að stöðva þessar óréttmætu aðgerðir nú þegar.